

# Yfirverkstjóri á Hólmavík

Starf yfirverkstjóra við þjónustustöðina á Hólmavík er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða. Yfirverkstjóri ber ábyrgð á rekstri og verkefnum þjónustustöðvarinnar á Hólmavík. Hann sér til þess að verkefni séu leyst samkvæmt verklagsreglum, skipuriti og markmiðum Vegagerðarinnar.



ÖRYGGI  
FRAMSYNI  
ÞJÓNUSTA  
FAGMENNSKA

## Starfssvið

Almenn þjónusta og viðhald vega sem og vegbúnaðar á svæði þjónustustöðvar á Hólmavík. Viðhald og þjónusta á malarvegum og og bundnu slitlagi, umsjón með lagerhaldi og áhaldahúsi. Eftirlit og stjórnun verkefna í sumarþjónustu sem og samskipti við verktaka. Eftirlit í vetrarþjónustu með færð á vegum, upplýsingagjöf og stjórnun snjómoksturs í samvinnu við vaktstöð Vegagerðarinnar. Samskipti og eftirlit með verktökum í vetrarþjónustu.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt grunn nám.
- Marktæk reynsla af stjórnun.
- Verkstjórnarnámskeið er æskilegt.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.

## Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Sambands stjórnendafélaga. Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2019. Umsóknir berist á netfangið: [starf@vegagerdin.is](mailto:starf@vegagerdin.is).

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem sem óskað er eftir, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vestursvæðis, netfang: [palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is](mailto:palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is), sími: 522 1000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

